

Ungmennafélagið fram:

Fundargerð

Ungmennafélagið Fram – Fundur 1

Dagsetning: 11. Mars 2026

Tími: 20:00

Staðsetning: Íþróttahús

Dagskrá

1. 100 ára afmæli Fram

Rætt var um undirbúning vegna 100 ára afmælis Ungmennafélagsins Fram. Ákveðið var að hefja söfnun mynda frá fyrri tíð og úr starfi félagsins. Skoða á hvort Addi geti aðstoðað við þá vinnu. Einnig var rætt um að halda upp á afmælið með hátíðlegum hætti, meðal annars með ræðuhöldum og viðburði tengdum tímamótunum.

Næstu skref:

- Hefja myndasöfnun
- Athuga með aðkomu Adda
- Móta hugmyndir að afmælisviðburði

2. Colour Run

Rætt var um undirbúning fyrir Colour Run. Lagt var til að kaupa 100 poka til viðbótar og að Helena verði spurð nánar um það. Einnig þarf að fara yfir verð og kostnað áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Næstu skref:

- Heyra í Helenu
 - Fá yfirlit yfir verð og kostnað
-

3. Skíðaskáli

Garðar tekur að sér umsjón með verkefnum varðandi að skoða besta möguleikan hvort það ætti að leigja skíðaskála til stéttarfélags, sjáum um þetta eins og þetta hefur alltaf verið eða markaðsetja og selja á AirBNB. Kristín Leifs sér um þrif á skálanum. Þá var rætt um að auglýsa skálann á Facebook og Instagram til að auka sýnileika hans.

Næstu skref:

- Klára þrif á skálanum
 - Setja upp auglýsingar á samfélagsmiðlum
 - Skoða möguleika á útleigu til stéttarfélag
-

4. Dósagámur

Rætt var um dósagáminn og ákveðið að klára að bolta hann niður.

Næstu skref:

- Ljúka festingu gámsins
-

5. Strandblakvöllur

Fram kom að búið væri að grafa fyrir strandblakvellinum. Næsta skref í verkefninu er að útvega sand og vinna áfram að frágangi vallarins.

Næstu skref:

- Finna og útvega sand
 - Klára frágang vallarins
-

6. Sána

Rætt var um stöðu verkefnisins varðandi sánu. Ákveðið var að óska eftir tilboðslista frá Verklausn. Ef það gengur ekki eftir verður leitað annarra leiða, meðal annars hjá Negglunni á Blönduósi.

Næstu skref:

- Fá tilboðslista frá Verklausn
 - Leita til Negglunnar ef þörf krefur
-

7. Strandhreinsun

Ákveðið var að skipuleggja strandhreinsun þar sem gengið verður um ströndina og rusl tínt. Markmiðið er að bæta umhverfið og efla samfélagslega þátttöku.

Næstu skref:

- Ákveða dagsetningu
 - Fá þátttakendur með í verkefnið
 - Skipuleggja framkvæmd
-

8. Golfhermir

Rætt var um að skoða golfhermi á Sauðárkróki til að fá betri innsýn í slíka aðstöðu og möguleika hennar. Jafnframt þarf að finna hentugt húsnæði ef verkefnið verður sett af stað.

Næstu skref:

- Skoða aðstöðu á Sauðárkróki
 - Leita að húsnæði
-

9. Pickleball-völlur

Rætt var um möguleikann á að setja upp pickleball útivöll. Einnig kom fram að mikilvægt væri að fá sveitarfélagið með inn í verkefnið frá byrjun.

Næstu skref:

- Skoða möguleika á útivelli
 - Hefja samtal við sveitarfélagið
-

Helstu áherslur stjórnar

Stjórnin leggur áherslu á að eftirfarandi verkefni verði kláruð sem fyrst:

- Strandblakvöllur
- Sána
- Undirbúningur vegna 100 ára afmælisins

Þýrsta á stjórn að klára strandblak, sánu og 100 ára afmælið